

Orkustofnun  
María Guðmundsdóttir  
Grensásvegi 9  
108 Reykjavík

Reykjavík, 17. september 2021  
UST202109-070/B.S.  
10.05.05

**Efni: Umsókn um nýtingarleyfi - jarðhiti á Laugum í Súgandafirði. Umsögn**

Vísað er til bréfs Orkustofnunar dags. 2. september sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreinda umsókn.

Um er að ræða nýtingu vatns til upphitunar á Suðureyri og fleiri nota og er rekstur í fullum gangi nú þegar. Borholur og lagnir eru því til staðar.

Umhverfisstofnun telur að þar sem borholur eru staðsettar nærri vegi ætti að vera unnt að koma lögnum fyrir án þess að verulegt rask fylgi lagningu þeirra en leggja ætti áherslu á góðan frágang við borholur og lagnir. Stofnunin telur ekki að hætta sé á því að raskað verði sérstöku gróðurfari eða jarðmyndunum vegna þessarar nýtingar og gerir Umhverfisstofnun ekki athugasemdir við umrædda umsókn.

Virðingarfyllst

  
Björn Stefansson  
Sérfræðingur

  
Agnes Þórkelsdóttir  
Sérfræðingur